Paul Wigdahl Smith (1881-1967), símaverkfræðingur, Reykjavík

Afhending 2013/101

Paul Smith var norskur símaverkfræðingur sem kom til Íslands við lagningu símans frá Seyðisfirði árið 1906. 1907 kvænist hann Oktavíu Grönvold frá Seyðisfirði.

Árið 1908 var hann ráðinn fyrsti símaverkfræðingur hjá Landssíma Íslands og starfaði þar til 1920. Þá stofnaði hann heildverslun sem hann rak til ársins 1956 en hún varð þá að hlutafélaginu Smith og Norland h/f.

Oktavía Grönvold var dóttir Carls Grönvold en hann var sonur Maríu Þorvaldsdóttur (Grönvold) sem varð seinni kona Vigfúsar Sigfússonar kaupmanns á Vopnafirði og verts á Akureyri.

Karl G. Smith sem afhendir skjölin er sonarsonur Paul Smith og Oktavíu Grönvold

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
13. febrúar 2026

Þuríður Jóna Steinsdóttir
Skjalavörður

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A-Paul Smith				
A-Paul Smith				**1967 - 1988**
A	1	1	1967 - 1988	Minningargrein um Paul Smith (ljósrit úr dagblaði); úr dagblaðinu Óðinn, grein um Vigfús Sigfússon (ljósrit); upplýsingablað frá Hrafnistu; bréf stílað til Karls G. Smith, frá Sigurjóni Sigtryggssyni Siglufirði, varðandi Carl Grönvold; ljóðmæli Matthíasar Jochumsonar, ljóð ort fyrir brúðkaup Paul Smith og Octavíu Grönvold; 3 faktúrur, 1 dagsett 18. júní 1981 og 24. ágúst sama ár; ljósrit af handrituðum bréfum; úr ræðu eftir Paul Smith.
A	1	2	1967 - 1988	Ljósrit af ljósmyndum af Paul Smith, Grönvold systkinin, Valdemar Grönvold, leiði; Thorwaldur Grönvolds familjegrav, leiði Carls Grönvold, Maren Oktavía Smith, Valla, Vigfús Sigfússon og dætur hans, Valgerður og Maren, frænka þeirra Octavía Stefanía Grönvold; María Þorvaldsdóttir kona Vigfúsar; Hjónin Þorvaldur Grönvold, kona hans og Valgerður Vigfúsdóttir.